

Yfirlit yfir lagabreytingar er varða neytendavernd á fjármálamarkaði

1. Lánamarkaður

Lög um neytendalán nr. 33/2013

Markmið laganna:

- Auka neytendavernd.
- Tryggja samræmt lagaumhverfi.
- Stuðla að aukinni upplýsingagjöf um lánskjör til að auðvelda samanburð á lánessamningum á innri markaðnum og þar með auka neytendavitund.

Lykilatriði laganna:

- Hámark er sett á árlega hlutfallstölu kostnaðar (ÁHK) á neytendalánnum og má kostnaðurinn ekki nema meira en 50% að viðbættum stýrivöxtum. Lánveitandi leggur fram ÁHK, sem er heildarlántökukostnaður lýst sem árlegu hlutfalli af heildarfjárhæð sem neytandi greiðir. ÁHK er ætlað að nýtast neytendum til að bera saman mismunandi lánstilboð því hún tekur saman allan kostnað og vexti sem fylgja lánstilboði og setur fram í einni prósentutölu.
- Mun ítarlegri kröfur eru gerðar til upplýsingaskyldu lánveitanda en samkvæmt eldri lögum.
 - Þannig er gerð krafa um ítarlegar upplýsingar í auglýsingum þar sem fjallað er um vexti eða önnur kjör vegna lánessamnings.
 - Einnig eru gerðar auknar kröfur um tiltekna upplýsingar sem ber að veita fyrir sammingsgerð.
- Ákvæði eru í lögnum um skyldur lánamiðlara. Þar kemur m.a. fram að lánamiðlara ber að upplýsa neytanda um það í umboði hvers hann veitir lánið og um þóknun fyrir þjónustu sína.

- Greiðslu- og lánsþæfismat. Sérstakt greiðslumat skal framkvæmt vegna lánveitinga sem fara yfir ákveðna fjárhæð, en vegna lægri fjárhæða verði svonefnt lánshæfismat látið nægja. Mælt er fyrir um bann við lánveitingu ef mat á lánshæfi eða greiðslumat leiðir í ljós að lántaki hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið.
- Réttur neytanda til að falla frá lánsamningi er lögfestur. Í allt að 14 daga frá undirritun lánsamnings á neytandi rétt á að hætta við og falla frá samningi. Falli neytandi frá samningi þarf hann að greiða áfallinn kostnað skv. samningnum, t.d. vexti og verðbætur.
- Lögfest er hámark uppgreiðslugjalds. Neytandi hefur alltaf rétt á að greiða lánið upp, að hluta eða í heild, fyrir þann tíma sem samið hefur verið um. Lánveitandi getur krafist þess að neytandi greiði uppgreiðslugjald en það má aldrei vera hærra en 1% af fjárhæðinni sem greidd er upp.
- Smálán eru felld undir gildissvið laganna en áður voru lánsamningar sem gilda skemmri tíma en þrjú mánuði undanskildir gildissviði laganna.

Fasteignalán til neytenda nr. 118/2016

Markmið laganna:

- Tryggja neytendavernd við kynningu, veitingu, miðlun og lánaráðgjöf vegna samninga um fasteignalán til neytenda.
- Stuðla að ábyrgum lánveitingum og sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda.
- Neytendavernd miðar að því að jafna samningsstöðu aðila í viðskiptum þar sem neytendur eru alla jafna ekki í sömu stöðu til að gæta hagsmuna sinna og aðilar sem stunda viðskipti í atvinnuskyni.

Lykilatriði laganna:

- Almennar kröfur eru gerðar um hæfni, þekkingu og starfskjör starfsmanna lánveitenda.
- Aukin áhersla er á útskýringar sem neytandi á rétt á fyrir lánveitingu.
- Óheimilt er að binda samning um fasteignalán því skilyrði að neytandi geri samning um kaup á annarri aðgreindri fjármálaþjónustu.
- Gerð er krafa um lánshæfis- og greiðslumat áður en að lánveitingu kemur og er meginreglan sú að lán skuli ekki veitt nema neytandi standist greiðslumat.
- Hámark uppgreiðslugjalds má að hámarki vera 4%.
- Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til að setja reglur um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda að fengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði.

- Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til að setja reglur um hámark fasteignalána og hámark greiðslubyrðar af þeim í hlutfalli við tekjur neytanda.
- Neytenda tryggður réttur til uppgreiðslu fasteignalána.

Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð nr. 111/2016

Helstu atriði laganna:

- Um er að ræða úrræði til stuðnings fyrir einstaklinga sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.
- Úrræðið gildir í tíu ár samfelld fyrir hvern einstakling.
- Einstaklingum er heimiluð ráðstöfun séreignarsparnaðar sem safnast hefur upp á tilteknu tímabili til kaupa á fyrstu íbúð.
- Einstaklingum er heimiluð ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á fasteignalán sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð og sem tekið var vegna kaupanna.
- Einstaklingum er heimiluð ráðstöfun séreignarsparnaðar til afborgunar á óverðtryggðu láni og inn á höfuðstól láns, sem tryggt er með veði í húsnæðinu.
- Séreignarsparnaður sem nýttur er til greiðslu inn á höfuðstól lána og eftir atvikum sem afborgun vegna kaupa á fyrstu íbúð er skattfrjáls.
- Hámarksfjárhæðir og önnur viðmið eru þessi:
 - Hámarksfjárhæð á ári (12 mánuðir), samtals 500 þús. kr. á einstakling.
 - Hámarksíðgjald, 4% frá launþega og 2% frá launagreiðanda.
 - Einstaklingur spari a.m.k. til jafns við framlag launagreiðanda.
 - Áskilið er að réttthafi eigi að minnsta kosti 50% eignarhlut í íbúðarhúsnæðinu.
 - Umsókn rétthafa um nýtingu séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð skal beint rafrænt til ríkisskattstjóra á því formi sem hann ákveður.

Lög um stimpilgjöld 138/2013

- Innleitt er mun einfaldara kerfi en áður gildi um innheimtu stimpilgjalds.
- Skyldan til að greiða stimpilgjald af lánsskjölum er felld brott sem er lánþökum mjög í hag þar sem það auðveldar mjög endurfjármögnun lána og eykur samkeppni á lánamarkaði.
- Heimilt að veita einstaklingum helmingsafslátt af stimpilgjaldi þegar þeir kaupa sér í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Lög um ábyrgðarmenn nr. 33/2009

- Verulegar skorður eru settar við ábyrgðum einstaklinga.
- Ábyrgðir hafa með tilkomu laganna að mestu lagst af í lánaviðskiptum einstaklinga.

- Lögin stuðla að því að lánveitingar séu miðaðar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar. Áhersla er lögð á vernd ábyrgðarmanna og formfestu og fagleg vinnubrögð fjármálafyrirtækja við gerð lánasamninga þar sem krafist er ábyrgðarmanna.
- Reglurnar miða að því að jafna þann aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna ananrs vegar og lánveitanda hins vegar.

2. Vátryggingamarkaður

Lög um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingasamning, nr. 15/2015

- Vátryggingatakar geta sagt upp vátryggingarsamningi með mánaðarfyrirvara og miðast þá uppsögnin við næstu mánaðarmót þar á eftir.
- Áður þurfti að bíða í heilt ár eftir "glugga" til að segja upp samningnum en samningarframlengdust þá sjálfkrafa í eitt ár, væri þeim ekki sagt upp a.m.k. mánuði áður en þeir runnu út.

Lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 (Solvency II)

- Auknar kröfur eru gerðar til gjaldþols og áhættustýringar tryggingafélaga með það að markmiði að auka vernd neytenda en neytendur hafa mikla hagsmuni af því að vátryggingarfélag geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þeim.
- Neytendavernd snýst að hluta til um að almenningur geti haft aðgang að upplýsingum um stöðu vátryggingafélaga og eru því gerðar auknar kröfur um opinbera upplýsingagjöf.
- Lögunum er einnig ætlað að tryggja fjármálastöðugleika og sanngjarnar og stöðugar markaðsaðstæður með því að gera auknar kröfur til gjaldþols vátryggingafélaga.

Lög um stimpilgjöld 138/2013

- Ekki er lengur skylt að greiða stimpilgjald vegna vátryggingaskjala.

3. Verðbréfamarkaður

Lög um stimpilgjöld 138/2013

- Ekki lengur skylt að greiða stimpilgjald vegna hlutabréfa, skilríkja fyrir eignarhlut í félögum og félagssamninga.

Það sem er framundan:

Frumvarp um MiFID II

Með lögfestingu MiFID I tilskipunarinnar hér á landi var á sínum tíma var komið á aukinni neytendavernd fjárfesta m.a. með reglum um flokkun viðskiptavina, skyldu fjármálafyrirtækja til að meta tilhlýðileika þjónustu fyrir viðskiptavini og að meta hættu á hagsmunaárekstrum. Á næstu misserum er framundan innleiðing á MiFID II tilskipuninni sem er m.a. ætlað að auka fjárfestavernd enn frekar með ítarlegri kröfum en áður varðandi skyldur fjármálafyrirtækja til að upplýsa viðskiptavini um mögulega hagsmunaárekstra og með auknum kröfum um upplýsingagjöf vegna fjárfetsingaráðgjafar.. Eftirlitshlutverk stjórnvalda er einnig eftt með auknum heimildum þeirra til að stöðva eða takmarka markaðssetningu og dreifingu ákveðinna fjármálaafurða í skilgreindum tilvikum.

4. Greiðslumiðlun og tækniframfarir

Frumvarp um greiðsluþjónustutilskipun (PSD2)

Framundan er innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um greiðsluþjónustu PSD2 sem felur í sér breytingar á eldri tilskipun (PSD eða PSD1). Markmið með PSD2 eru að efla enn frekar neytendavernd, stuðla að nýsköpun og bæta öryggi á markaði greiðsluþjónustu, þ.m.t. að því er varðar netgreiðslur. Efni tilskipunarinnar samræmist einnig áherslum og stefnu framkvæmdastjórnar ESB um stafrænan innri markað (e. Digital Single Market) í þágu neytenda, atvinnulífs og aukins hagvaxtar í Evrópu.

Að baki PSD2 liggja sem fyrr markmið um að auka samkeppni og gera nýjum aðilum kleift að komast inn á markaðinn, en tryggja á sama tíma að viðeigandi lágmarkskröfur séu uppfylltar m.t.t. öryggis - ráðstafana og neytendaverndar.

- Gildissvið PSD2 tekur nokkrum breytingum varðandi háttsemi/aðstæður sem ákvæði tilskipunarinnar gilda um.
- Hugtakið greiðsluþjónusta (e. payment services) er útvíkkað og nær til þess sem á ensku kallast payment initiation service („þjónusta sem felst í að gefa greiðslufyrirmæli fyrir hönd notanda greiðsluþjónustu gagnvart greiðslureikningi sem vistaður er hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda“) og account information services („þjónusta í gegnum veraldarvefinn sem felst í að safna og birta á einum stað upplýsingar um einn eða fleiri greiðslureikninga tiltekins notanda greiðsluþjónustu hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda eða hjá fleiri en einum greiðsluþjónustu - veitanda“)

Markmið framkvæmdastjórnarinnar um stafrænan innri markað snýr einkum að þessum þremur þáttum:

- Að bæta aðgengi að stafrænum vörum og þjónustu á veraldarvefnum.
- Að bæta umgjörðina og stuðla að því að stafræn kerfi og þjónusta fái blómstrað.
- Að nýta stafræna tækni til hins ítrasta í þágu aukins hagvaxtar.

Frumvarp vegna reglugerðar ESB millikortagjöld (MIFR)

Greiðslukort eru enn þeir rafrænu greiðslumiðlar sem algengast er að nota til kaupa á vöru og þjónustu. Sumarið 2015 öðlaðist gildi ný reglugerð ESB um millikortagjöld (MIFR). Í kortavíðskiptum tíðkast að söluaðili greiði færsluhirði þóknun í hvert sinn sem greiðslukort er notað til að greiða fyrir vöru eða þjónustu. Hluti af þóknun færsluhirðisins rennur til kortaútgefandans sem millikortagjald (e. interchange fee) til að standa undir kostnaði hans og áhættu. Í MIFR er m.a. kveðið á um hámarksviðmið við heimtu millikortagjalda. Fjármála- og efnahagsráðuneytið undirbýr nú innleiðingu MIFR á Íslandi.

5. Greiðsluferfiðleikaúrræði

Lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði nr. 50/2009

- Eigandi íbúðarhúsnæðis getur leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra skulda sem hvíla á fasteign hans.
- Meginregla laganna er sú að þær greiðslur sem umfram eru og skuldari getur ekki greitt af teljist ekki til vanskila á meðan á greiðsluaðlögun stendur, heldur er gjalddaga þeirra frestað þar til hinni tímabundnu greiðsluaðlögun er lokið.

Lög um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga nr. 63/1985. Lögunum var breytt 2008 og 2009.

- Tilgangur laganna er að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignaveðlánnum einstaklinga.
- Misgengi, sem orsakast af hækkun vísitölu neysluverðs eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, skal ekki valda því að greiðslubyrði af lánnum þyngist.
- Greiðslujöfnun er beitt á öll verðtryggð lán nema lánþegi hafi sérstaklega óskað þess að vera undanþeginn greiðslujöfnun.

Lög um umboðsmann skuldara nr. 100/2010

Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

- Veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
- Hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,
- Veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluáðlögun,
- Útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,
- Taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,
- Gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á,
- Veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna,
- Taka ákvörðun um hvort veita skuli fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

Lög um greiðsluáðlögun einstaklinga nr. 101/2010

Markmið laganna:

- Gera einstaklingum í verulegum greiðsluferfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og
- Koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Lög nr. 142/2010 um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991

Í desember 2010 var gerð sú grundvallarbreyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að fyrningarfrestur krafna við gjaldþrotaskipti var stytur úr fjórum árum í tvö. Jafnframt var áskilið að til þess að rjúfa fyrningu þurfi kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því, og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Fyrir þessa breytingu gildi hinn almenni fjögurra ára fyrningarfrestur og gat kröfuhafi alltaf rofið fyrningu og viðhaldið kröfum sínum gagnvart þrotamanni. Við lagasetninguna var mælt fyrir um af löggjafanum að breytingin skyldi endurskoðuð að fjórum árum liðnum. Ekkert hefur komið fram um að breyta eigi ákvæðinu til fyrra horfs á ný eða með öðrum hætti.

Lög nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta

Markmið laganna er að gera einstaklingum, sem eiga í verulegum greiðsluörðugleikum og hafa leitað annarra greiðsluvandaúrræða án árangurs eða ekki er talið að önnur greiðsluvandaúrræði séu til þess fallin að leysa greiðsluvandann, kleift að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu skv. lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

6. Önnur lög

Frumvarp um lánsþæfismatsfyrirtæki

Framundan er innleiðing á reglugerð ESB um lánsþæfismatsfyrirtæki. Markmiðið er að koma á sameiginlegu regluverki um starfsemi lánsþæfismatsfyrirtækja til að auka gæði lánsþæfismats, einkum gæði mats sem t.d. fjármálafyrirtæki miða við í starfsemi sinni. Er með þessum reglum horft til þess að lánsþæfismat getur haft verðmyndandi áhrif á markaði og því geta mismunandi gæðakröfur til slíks mats leitt til mismunandi verndar fjárfesta og neytenda.